

júní-ágúst 2016

# Aðgengi að ferðamannastöðum á Íslandi fyrir erlenda fatlaða ferðamenn

Samstarfshópur Átaks félags fólks með þroskahömlun



Höfundur skýrslu  
Venný Hönnudóttir



## **Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit .....	3
Myndaskrá .....	4
1 Aðdragandi.....	5
1.1 Skipan vinnuhóps.....	5
1.2 Vinnulag.....	5
2 Inngangur .....	6
3 Fræðilegur kafli .....	7
3.1 Fatlað fólk.....	7
3.1.1 Sjónskert eða blint fólk .....	8
3.1.2 Hreyfihamlað fólk.....	8
3.1.3 Heyrnarlaust fólk.....	9
3.1.4 Fólk með þroskahömlun.....	9
3.2 Aðgengi.....	9
3.3 Lög og reglugerðir sem snúa að fötluðu fólki.....	10
3.3.1 Lög um fatlað fólk.....	10
3.3.2 Lög um húsafriðun .....	10
3.3.3 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	10
4 Áfangastaðir.....	12
4.1 Gullni hringurinn.....	12
4.1.1 Þingvellir.....	12
4.1.2 Geysir .....	12
4.1.3 Gullfoss .....	13
4.2 Suðurland .....	13
4.2.1 Skrúðgarðurinn í Hveragerði.....	13
4.2.2 Seljalandsfoss.....	14
4.2.3 Reynisfjara .....	14
4.3 Söfn á höfuðborgarsvæðinu .....	14
4.3.1 Árbæjarsafn .....	14
4.3.2 Þjóðminjasafn .....	15
4.3.3 Landnámssýning.....	15
5 Niðurstöður .....	17
5.1 Gullni hringurinn.....	17
5.1.1 Þingvellir.....	17
5.1.2 Geysir .....	19
5.1.3 Gullfoss .....	21
5.2 Suðurland .....	22
5.2.1 Skrúðgarðurinn í Hveragerði.....	22
5.2.2 Seljalandsfoss.....	24
5.2.3 Reynisfjara .....	25
5.3 Söfn á höfuðborgarsvæðinu.....	27
5.3.1 Árbæjarsafn .....	27
5.3.2 Þjóðminjasafn .....	29
5.3.3 Landnámssýning.....	31
6 Samandregnar niðurstöður og umræður.....	33
7 Heimildaskrá.....	36

## **Myndaskrá**

Mynd 1. Gönguleið að Öxarárfossi.....	17
Mynd 2. Gönguleið að Peningagjá.....	18
Mynd 3. Gönguleið að Öxarárfossi.....	18
Mynd 4. Aðgengi að Geysi.....	19
Mynd 5. Stígur og náttúra renna saman við Geysi.....	20
Mynd 6. Jarðvegur sem rennur saman við stíg í Hveragerði.....	23
Mynd 7. Varúðarmerking í Skrúðgarðinum í Hveragerði.....	23
Mynd 8. Salernisaðstaða hjá Seljalandsfossi.....	24
Mynd 9. Aðgengi í Reynisfjöru.....	26
Mynd 10. Upplýsingaspjöld á Árbæjarsafni í góðri hæð fyrir fólk sem notar hjólastól.....	28

# 1 Aðdragandi

Átak félag fólks með þroskahömlun fékk styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til þess að kanna aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum á Íslandi.

## 1.1 Skipan vinnuhóps

Átak réð Venný Hönnudóttir sem verkefnisstjóra til þess að sjá um framkvæmd verkefnisins og óskaði jafnframt eftir því að skipaður yrði vinnuhópur. Reynt var eftir fremsta megni að hafa fólk með ýmiss konar fötlun í hópnum þannig að hópurinn gæti endurspeglað sem fjölbreyttastan hóp fatlaðs fólks. Vinnuhópurinn skipuðu: Aileen Soffia Svendsdóttir, Anna Kristín Jensdóttir, Gísli Björnsson, Inga Hanna Jóhannesdóttir og Lilja Sveinsdóttir. Mikilvægt var að fatlað fólk tæki sjálft þátt í framkvæmdinni til þess að það gæti upplýst um það hvað mætti betur fara á þeim stöðum sem skoðaðir voru.

## 1.2 Vinnulag

Í upphafi var byrjað að afla gagna um hvað hefði þegar verið kannað og hvaða staðir hefðu áður verið teknir út. Þannig mótaðist hugmyndin og fræðilegar vangaveltur voru mótaðar. Í þeirri framkvæmd tóku mestan þátt formaður Átaks, Aileen S. Svendsdóttir, og verkefnastjórinn Venný Hönnudóttir. Í kjölfarið hittist vinnuhópurinn, ræddi það sem að fram hafði komið í upplýsingaöfluninni og ákveðnir voru dagar til þess að fara í vettvangsheimsóknir.

## 2 Inngangur

Áhugi Átaks á því að kanna hverjar raunverulegar aðstæður erlendra fatlaðra ferðamanna væru vaknaði þegar erlendur fatlaður ferðamaður var vistaður í fangelsi hér landi árið 2015. Hann var ekki upplýstur um réttindi sín með þeim hætti að hann skildi hvað færi fram. Þá kviknaði sú spurning hvað væri í rauninni gert fyrir erlenda fatlaða ferðamenn sem kæmu í heimsókn til Íslands. Einnig er vert að athuga að í ljósi þess að fjölgun ferðamanna á landinu er mikil þá hljóta fatlaðir ferðamenn einnig að koma í auknum mæli til að skoða land og þjóð (Snærós Sindradóttir, 2016).

## 3 Fræðilegur kafli

### 3.1 Fatlað fólk

Fötlun er bæði fremur algengt og víðtækt hugtak og flestir telja sig geta skilgreint það að einhverju leyti. Hvað felst svo í þeirri skilgreiningu fólks á hugtakinu er misjafnt og margir þættir geta spilað inn í þá staðreynd að fólk hefur mismunandi skilning á hugtakinu, t.d hafa bæði menning og kynslóðabil þar áhrif. Til eru einnig þau samfélög þar sem fötlun finnst ekki (Hanna Björg Sigurðardóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013). Það segir okkur að túlkun og skilgreining á fötlun er félagslegt fyrirbæri. Rannveig Traustadóttir (2006) skilgreinir hugtakið fötlun á þann hátt að það að vera fatlaður sé að geta ekki tekið fullan þátt í hinu daglega lífi sökum líkamlegra eða andlegra hamlana.

Fötlunarfræði er ung fræðigrein en með tilkomu hennar fór fólk að skoða fötlun út frá öðru sjónarhorni en áður hafði verið gert. Það fór að draga úr því að fólk einblíndi á fatlaða einstaklinga sem veika einstaklinga sem þyrfti að laga. Tilkoma fötlunarfræðinnar varð til þess að það var farið að líta til þeirra samfélagslegu hindrana sem hamla einstaklingnum og skapaðar eru af þjóðfélaginu sem einstaklingurinn lifir í hverju sinni. Fötlunarfræðin er í grunninn ekki ósvipuð öðrum fræðum sem fjalla um minnihlutahópa, til dæmis fræði sem tengjast ákveðnum þjóðfélagshópum, kvenna- og kynjafræði og hinsegin fræði. Allar þessar fræðigreinar eiga það sameiginlegt að berjast gegn jaðarsetningu og ójöfnuði þess minnihlutahóps sem þær fjalla um (Hanna Björg Sigurðardóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013).

Með tilkomu fötlunarfræðinnar hafa komið fram á sjónarsviðið fleiri sjónarhorn en áður þekktust til þess að skilgreina fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Þó svo að fötlun sé hægt að skilgreina út frá mörgum sjónarhornum þá eru tvenns konar sjónarhorn algengust og mest ríkjandi í umræðunni um fötlun í dag. Annars vegar er um að ræða læknisfræðilega sjónarhornið og hins vegar félagslega sjónarhornið. Þegar fötlun er skoðuð út frá læknisfræðilega sjónarhorninu er einblínt á það hver líffræðilega orsökina sé fyrir fötluninni og er

oftar en ekki hugsað út frá því til þess að hægt sé að finna þá meðhöndlun og meðferð sem nauðsynleg er til þess að reyna að laga eða lækna einstaklinginn og fötlun hans (Rannveig Traustadóttir, 2003). Ef fötlun er hins vegar skoðuð út frá félagslega sjónarhorninu, eins og tilkoma fötlunarfræðinnar hefur leyft okkur, þá er frekar verið að skoða með hvaða hætti samfélagið fatlar einstaklinginn og gerir ekki ráð fyrir tilvist hans í samfélaginu sjálfu.

Þar af leiðandi hafði Átak áhuga á að fá fatlað fólk sem hefur ólíkar fatlanir til að skoða aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum á Íslandi. Reynt var eftir fremsta megni að hafa hópinn sem fjölbreyttastan til að endurspeglar sem best hóp fatlaðs fólks. Hópurinn skoðaði aðgengi út frá fólki sem er með sjónskerðingu eða er blint, fólki sem er hreyfihamlað, fólki sem er með heyrnarskerðingu eða er heyrnarlaust og fólki með þroskahömlun. Hópurinn lagði sig fram við að kynna sér hvað þyrfti að hafa í huga fyrir fólk með þessar fatlanir og var haft samband við hagsmunasamtök og aðrar stofnanir og félög til þess að fá sem víðtækastan skilning.

### **3.1.1 Sjónskert eða blint fólk**

Haft var samband við Blindrafélagið en það eru samtök blindra og sjónskertra á Íslandi. Þeirra markmið er að blint eða sjónskert fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Eins hefur Blindrafélagið það að markmiði að blindum og sjónskertum séu tryggð jöfn tækifæri sem og réttur til þátttöku í samfélaginu (Stuðningur til sjálfstæðis. e.d.). Markmið með heimsókn til Blindrafélagsins var að fá upplýsingar um hvað bæri að hafa í huga þegar aðgengi væri kannað fyrir sjónskert og blint fólk. Það var ýmislegt sem kom til umræðu, ásamt því að Blindrafélagið benti hópnum á að hafa samband við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Blindrafélagið aðstoðaði einnig hópinn við að fá einstakling með sjónskerðingu í starfshópinn.

### **3.1.2 Hreyfihamlað fólk**

Haft var samband við Sjálfsbjörgu landssamband fatlaðra en í 2. grein laga þeirra kemur fram að hlutverk Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra sé meðal annars: „að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðra félagsmanna sinna og eftir atvikum annarra fatlaðra á öllum



sviðum þjóðlífsins, þá sérstaklega með því að tryggja aðgengi að umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum." (Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra, e.d.). Þau gátu sagt frá ýmsu sem bæri að hafa í huga varðandi aðgengi fólks með hreyfihömlun og eins fyrir þeirra sem eru í hjólastól.

### **3.1.3 Heyrnarlaust fólk**

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag fyrir fólk sem er heyrnarlaust (Um félagið, e.d.). Reynt var að hafa samband við félagið en það tókst því miður ekki að ná sambandi við neinn hjá félaginu eða fá frá því upplýsingar.

### **3.1.4 Fólk með þroskahömlun**

Átak er félag fólks með þroskahömlun og er hagsmunafélag. Því er ætlað að tryggja réttindi og lífsgæði fólks með þroskahömlun (Um Átak, e.d.). Formaður Átaks var hluti af starfshópnum ásamt fleiri félagsmönnum svo það gekk vel að ná tali af þeim og fá upplýsingar um það hvað þyrfti að hafa í huga þegar aðgengi fyrir fólk með þroskahömlun væri skoðað.

## **3.2 Aðgengi**

Aðgengi er mikilvægt í því þjóðfélagi sem við búum í dag og er mikilvægt að byggingar og annað sé aðgengilegt fyrir alla. Það er þó tvennt sem ber að hafa í huga þegar aðgengi er skoðað en það er aðgengið sjálft en einnig nothæfi. Aðgengi gæti því verið hvort fólk hefði aðgang að upplýsingum en nothæfi væri hvort einstaklingnum væri gefinn kostur á að skilja upplýsingarnar (Hvað er aðgengi?, e.d.). Þess vegna er mikilvægt að samfélag gefi fötluðu fólki fullt aðgengi og nothæfi að húsnæði, upplýsingum, samgöngum og öllu því sem þarf til að lifa sjálfstæðu lífi. Því það er mikilvægt að samfélög fari að líta á fatlaða einstaklinga sem hluta af samfélaginu en ekki að það sé of lækingsfræðilega gallað til þess að taka þátt í því (Rannveig Traustadóttir, 2003).

### 3.3 Lög og reglugerðir sem snúa að fötluðu fólki

#### 3.3.1 Lög um fatlað fólk

Í lögum um málefni fatlaðs fólks kemur fram að mikilvægt sé að „veita fötluðu fólki þjónustu sem miðar að því að gera því kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra“. Í sömu grein kemur einnig fram að gera skuli ráð fyrir þörfum fatlaðs fólks til að njóta tólmstunda og menningarlífs (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992).

#### 3.3.2 Lög um húsafriðun

Samkvæmt lögum um húsafriðun er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar (Lög um húsafriðun 104/2001).

Það er aftur á móti hægt að leita bæði álits og samþykkis húsafriðunarnefndar ef fyrirhugaðar eru breytingar á húsnæði. Þá ber húsafriðunarnefnd að svara innan fjögurra vikna af eða á og getur einnig bent á aðrar leiðir til þess að framkvæma breytinguna (Lög um húsafriðun nr. 104/2001).

#### 3.3.3 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er ítarleg grein um aðgengismáli. Þar er talað um að *“Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífni á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli.”*

Ráðstafanirnar sem nefndar eru hér að ofan skulu meðal annars miða að því að velta úr vegi hindrunum sem hefta aðgengi. Þetta skal ná til bygginga, upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu. Einnig er ætlast til að aðildarríki að samningnum fylgi þessu eftir og passi upp á að lágmarkskröfum sé fylgt hjá opinberum stofnunum sem og einkafyrirtækjum. Þá er mikilvægt að í byggingum og annarri aðstöðu sem er almenningi opin séu skilti með blindralettri

og einnig þannig að fatlað fólk eigi auðvelt með að lesa og skilja það sem á skiltunum stendur (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 9. gr/2007).

## 4 Áfangastaðir

Til þess að kanna raunverulegt aðgengi að ferðamannastöðum þurfti að kanna fyrst hvað væri aðlaðandi fyrir hinn hefðbundna ferðamann. Hvað vill fólk sjá þegar það kemur til Íslands?

### 4.1 Gullni hringurinn

Gullni hringurinn er mjög vinsæl dagsferð og eru margar ferðaskrifstofur sem bjóða upp á slíka ferð og var því tilvalið að skoða hann. Til Gullna hringsins teljast Þingvellir, Geysir og Gullfoss.

#### 4.1.1 Þingvellir

Árið 930 var Alþingi stofnað á Íslandi á Þingvöllum við Öxará. Alþingi kom saman á Þingvöllum frá 930 allt til ársins 1798. Í dag eru Þingvellir friðlýstur helgistaður Íslendinga (Sagan, e.d.).

Þingvellir hafa verið teknir út af gottadgengi.is en skráð dagsetning á heimasíðunni er 5. nóvember 2011. Aðgengi þar var misgott en því var ábótavant að skábrautir væru við þröskulda sem voru of háir. Bílastæði voru almennt til fyrirmyndar nema á einum stað þar sem skilti sem tilgreinir að um bílastæði fyrir fatlaða er að ræða var dottið af (Þingvellir –Hakið – Fræðslumiðstöð, 2011).

#### 4.1.2 Geysir

Geysir í Haukadal er goshver sem talið er að hafi orðið til í jarðskjálfta á 13. öld. Geysir er einn þekktasti goshver í heiminum og er nafn hans notað í ýmsum tungumálum sem samheiti yfir goshveri. Geysir er um 20 metra djúpur strokkur eða hola. Á tímabil gaus Geysir oft og náðu gosin stundum 40-60 metra hæð og þeim fylgdu miklar drunur og læti. Í dag er Geysissvæðið vinsælt meðal ferðamanna en það eru goshverirnir Strokkur og Smiður sem eru hvað vinsælastir í dag. Geysissvæðið er friðlýst (Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson, 1981).

Geysissvæðið var tekið út af gottadgengi.is árið 2011. Úttektin kemur ekki nógu vel út fyrir Geysissvæðið, t.d. eru engin bílastæði við Geysissvæðið sjálft sem ætlað er fötluðu fólki. Stígar eru misgóðir, sumir voru hellulagðir á meðan aðrir

eru malar- og klapparstígar. Þeir voru þá ýmist hálr þar sem vatn lekur um þá eða erfiðir yfirferðar sökum klappar eða malar. Erfitt var að komast að Geysi þar sem ekki var neinn útsýnispallur við hann. Einnig var texti aðeins að hluta til skýr (Geysir í Haukadal - Aðalstígur við Geysi, 2011). Ekki voru neinar leiðarlínur og yfirborð var ekki þétt (Geysir – Svæði við Geysi – utan stíga, 2011). Aðeins var eitt stæði ætlað fötluðu fólki fyrir utan þjónustumiðstöðina en þar var einnig aðeins eitt klósett ætlað fötluðu fólki.

#### **4.1.3 Gullfoss**

Gullfoss er mikilfenglegur foss í Hvítá á Suðurlandi. Vatnið í fossinum steypist fram af gljúfri í tveimur áföngum, um 32 metra alls. Gullfoss býður upp á fallett útsýni yfir ósnortna náttúru (About Gullfoss Waterfall, e.d.). Hann er í eigu íslenska ríkisins en litlu mátti muna að hann hefði verið virkjaður af erlendu hlutafélagi en Sigríður Tómasdóttir sá til þess að af því varð ekki og höfðaði mál gegn hlutafélaginu til þess að Gullfoss kæmist aftur í íslenska eigu. Árið 1978 var reistur minnisvarði af Sigríði Tómasdóttur við fossinn (Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson, 1981).

Á heimasíðu Gullfoss kemur ekkert fram um aðgengi en þegar heimasíðan gottadgengi.is er skoðuð sést að þau hafa gert úttekt á Gullfossi. Niðurstöður úttektarinnar eru mjög jákvæðar, bílastæði eru til staðar fyrir fatlað fólk og nokkuð góð mól til að fara um á er til staðar á bílastæði. Aðeins er tekið fram að ekki séu leiðarlínur (Gullfoss – bílastæði við fossinn, 2011).

#### **4.2 Suðurland**

Það er margt sem hægt er að skoða á Suðurlandi. Hópurinn ákvað að stikla á stóru og skoða helstu ferðamannastaði. Gaman hefði verið að fara á miklu fleiri staði en þessir urðu fyrir valinu að þessu sinni.

##### **4.2.1 Skrúðgarðurinn í Hveragerði**

Ræktun Skrúðgarðsins í Hveragerði hófst árið 1983. Garðurinn markast af Breiðumörk, Varmá og Skólamörk. Í skrúðgarðinum er fallett svæði sem er með gönguleiðum og leiksvæðum, auk þess sem hægt er að sjá leifar af gömlum

húsgrunni. Húsið sem þar stóð var ullarverksmiðja sem var reist árið 1902 og markar grunnurinn upphaf Hveragerðis (Skemmtilegt að skoða, e.d). Skrúðgarðurinn í Hveragerði hefur ekki verið tekinn út af gottadengi.is.

#### **4.2.2 Seljalandsfoss**

Seljalandsfoss er einn af hæstu fossum á Íslandi og er hann staðsettur á mörkum Hamragarða og Seljalands. Hægt er að ganga á bak við fossinn (Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jóseppson, 1983). Það hefur verið vinsælt meðal ferðamanna að skoða þennan foss.

Ekki voru upplýsingar um Seljalandsfoss á gottadengi.is.

#### **4.2.3 Reynisfjara**

Reynisfjara er svört fjara rétt hjá Vík í Mýrdal. Hún er þekkt fyrir svartan sandinn og stórfenglega kletta sem mynda fallett stuðlaberg. Öldurnar á þessum stað eru mjög sterkar og þar hafa orðið skelfileg slys. Fólki er því ráðlagt að fara mjög varlega þegar fjaran er skoðuð. Samkvæmt þjóðsögunum þá áttu tröll það til að draga skip þar að landi en þegar það kom dagur þá breyttust þau í steina og mynda nú Reynisdranga sem eru sjáanlegir úr fjörunni (Information about Black Sand Beach - Reynisfjara, e.d.).

Ekki voru upplýsingar um Reynisfjöru á gottadengi.is.

### **4.3 Söfn á höfuðborgarsvæðinu**

Það eru fjölmörg söfn á höfuðborgarsvæðinu. Að þessu sinni var ákveðið að kanna aðgengi að Árbæjarsafninu, Landnámssýningunni og Þjóðminjasafninu.

#### **4.3.1 Árbæjarsafn**

Árbær var áður bújörð sem fór í eyði árið 1950 en þar var vinsæll áningarstaður fyrir fólk sem átti leið um Reykjavík. Árið 1957 var ákveðið að endurreisa gamla bæinn í Árbæ og byggja og flytja þangað fleiri hús sem minntu á gamla tíma en í dag heitir safnið Árbæjarsafn og varpar ljósi á byggingarlist og lifnaðarhætti á fyrri tíð. Árbæjarsafn tilheyrir Borgarsögusafni Reykjavíkur en fleiri söfn í

Reykjavík heyra undir það. Markmið með því er að safnið geti þjónað fjölbreyttum hópi safngesta (Um Árbæjarsafn, e.d.).

Samkvæmt heimasíðunni gottadengi.is þá hefur verið gerð úttekt á Árbæjarsafni, skráð dagsetning er 13. ágúst 2012. Samkvæmt síðunni er aðgengi þar misgott. Gott var að komast að Árbæjarsafni en víða er möl inni á svæðinu. Ekki var hægt að fá táknmálstúlkaðar ferðir á safninu. Skilti og texti var að hluta til skýr en merkingar voru þó ekki nægilega góðar alls staðar (Reykjavík\_Árbæjarsafn\_ÍR húsið\_Landakot\_1.hæð, 2012). Á heimasíðu Borgarsögusafns er talað um að aðgengi fyrir hreyfihamlaða sé gott á safnasvæðinu sjálfu en þeir nefna þó að aðgengi að húsum á svæðinu sé almennt takmarkað nema þá í afgreiðslunni, Kornhúsinu og Landakoti. Sérstaklega er nefnd að í Landakoti sé salernisaðstaða fyrir fatlað fólk þar sem er nægt rými fyrir það að athafna sig (Aðgengismál, e.d.).

#### **4.3.2 Þjóðminjasafn**

Þjóðminjasafn Íslands er í eigu íslenska ríkisins og er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og einnig miðstöð rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu (Um safnið, e.d.). Þjóðminjasafnið var stofnað þann 24. febrúar 1863. Til að byrja með var safnið kallað Forngripasafnið en árið 1911 fékk það lögformlega nafnið Þjóðminjasafnið. Árið 2006 hlaut safnið viðurkenningu frá Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra fyrir gott aðgengi fyrir alla (Saga safnsins, e.d.).

Þjóðminjasafnið er ekki skráð á gottadengi.is.

#### **4.3.3 Landnámssýning**

Landnámssýningin fjallar um landnám í Reykjavík, en það er skálarúst frá 10. öld sem er miðpunktur sýningarinnar en skálarústin fannst þegar grafa átti fyrir nýju húsi á horni Túngötu og Aðalstrætis. Hægt er að skoða hvernig umhverfi Reykjavíkur á þessu svæði var við landnám. Einnig eru munir til sýnis sem eru taldir vera frá þessum tíma og hafa fundist við fornleifauppgröft í miðbæ Reykjavíkur (Landnámssýningin, 2006).

Á heimasíðu Borgarsögusafns er tekið fram að Landnámssýningin leggi áherslu á aðgengi fyrir allt fatlað fólk. Þar sé einnig klósettaðstaða fyrir þann hóp. Dýraopnari sé á hurðum, engir þröskuldar og allir sýningarmunir séu í sjónhæð þeirra sem nota hjólastól (Aðgengismál, e.d.a).

Landnámssýningin er ekki skráð á [gottadgengi.is](http://gottadgengi.is).



## 5 Niðurstöður

### 5.1 Gullni hringurinn

Gullni hringurinn er mjög vinsæl dagsferð. Til gullna hringsins teljast Þingvellir, Geysir og Gullfoss.

#### 5.1.1 Þingvellir

Á Þingvöllum kom alþingi saman á árunum 930-1798 en í dag eru Þingvellir friðlýstur helgistaður Íslendinga (Sagan, e.d.).

##### 5.1.1.1 Hreyfihamlað fólk

Á bílastæði við Gestastofu eru stæði fyrir fatlað fólk. Almagnagjá var erfið yfirferðar og alls ekki aðgengileg fyrir fólk sem notar hjólastól. Á hluta Almagnagjár er pallur sem hættir svo í mikilli brekku. Brekkan er öll í mól sem á sumum stöðum getur verið erfið yfirferðar fyrir hjólastól. Þeir sem nota hjólastól geta aðeins séð takmarkaðan hluta Þingvalla því tröppur liggja að mjög mörgum stöðum eins og Öxaráfossi (sjá mynd 1). Eins að Peningagjá en það var skilti sem benti í átt sem var mikið af tröppum og lélegur moldarslóði. Hópurinn treysti sér ekki þangað. Sum svæði voru afar erfið yfirferðar vegna mikils grjóts og lélegra stíga.

Salernisaðstaða var fyrir fatlað fólk við Gestastofu, sér hlið var fyrir fólk sem notar hjólastól en hins vegar var stóll fyrir hliðinu sem hefti aðgengi og búið að líma fyrir hólfíð þar sem greiða átti fyrir afnot af salerninu. Spurst var fyrir um þetta og fengust þau svör að hliðið væri opnað með pinna en greiðsluvélin ekki notuð og að á stólnum ætti



starfsmaður að sitja frá svona 8:00-16:30. **Mynd 1** Gönguleið að Öxaráfossi

Salernin eru opin frá 8:00-17:00 þannig að raunverulegt aðgengi að klósettinu fyrir fatlað fólk er aðeins hluta af opnunartímanum.

### **5.1.1.2 Fólk með þroskahömlun**

Á upplýsingaskiltum þar sem var verið að vísa til vegar var notað myndmál að einhverju leyti, foss var táknaður með mynd af fossi og við hliðina á henni stóð hvaða foss væri átt við.

Það er ekki hægt að fá hljóðupptöku með upplýsingum um svæðið til að hlusta á á meðan Þingvellir eru skoðaðir. Ekki voru neinar upplýsingar á auðlesnu eða auðskildu máli.

### **5.1.1.3 Sjónskert og blint fólk**

Það var skarpur litamunur á texta, hvítir stafir á dökkbláum bakgrunni. Texti á íslensku og ensku var með sama lettri og auðvelt var að lesa hann. Sjónskert og blint fólk á erfitt með að komast ákveðnar leiðir sökum mikils grjóts í veginum og væri erfitt að nýta sér blindrastaf til dæmis á leiðinni að Öxarárfossi þar sem hann gæti fest á milli hellna á leiðinni (sjá mynd 2 og 3)

Það er ekki hægt að fá hljóðupptöku með upplýsingum um svæðið til að hlusta á á meðan Þingvellir eru skoðaðir. Engar leiðarlínur voru á Þingvöllum. Fara þarf um sérstakt snúningshlið til að komast að salernisaðstöðunni hjá Gestastofunni. Það er almennt ekki þægilegt fyrir blint og sjónskert fólk að nýta sér snúningshlið. Ekki var hægt að nálgast efni um Þingvelli á punktalettri.



Mynd 2 Gönguleið að Peningagjá



Mynd 3. Gönguleið að Öxarárfossi

#### **5.1.1.4 Heyrnarlaust fólk**

Ekki er boðið upp á táknmálstúlkaðar ferðir um Þingvallarsvæðið. Það var hægt að lesa upplýsingar á vissum stöðum á Þingvöllum en ekki alls staðar, til dæmis var ekkert upplýsingaskilti við Öxarárfossinn.

#### **5.1.2 Geysir**

Geysir er þekktasti goshver í heimi en á Geysissvæðinu eru einnig fleiri goshverir (Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson, 1981).

##### **5.1.2.1 Hreyfihamlað fólk**

Sums staðar voru stígar góðir fyrir fólk sem notar hjólastóla. Aftur á móti endaði stígurinn oft í klöpp eða öðrum jarðvegi og þá reyndist erfitt fyrir hjólastól að komast að. Til að mynda gat einstaklingur sem notaði hjólastól ekki farið að Geysi þar sem stígurinn leyfði það ekki. Það var frekar leiðinlegt þar sem að Geysir er helsta aðdráttarafl þessa staðar.



Mynd 4. Aðgengi að Geysi

##### **5.1.2.2 Fólk með þroskahömlun**

Hvergi var auðlesinn texti en eitthvað var af myndmáli. Því var þó ekki ætlað að útskýra náttúruna heldur voru þetta viðvörunarmerkingar. Til dæmis mátti ekki ganga á vissum svæðum og einng var varað við miklum hita. Það var þó ekki

nægilega skýrt þar sem það voru ekki allir í hópnum sem áttuðu sig á merkingum um að það væri sjóðandi heitt vatn til staðar.

Ekki var hægt að fá hljóðupptöku með leiðsögn um svæðið.

### **5.1.2.3 Sjónskert og blint fólk**

Á Geysissvæðinu voru hvergi leiðarlínur. Sums staðar voru stígar góðir en oft enduðu þeir skyndilega og annar jarðvegur tók við (sjá mynd 5), ýmist klappir, sprungur eða möl. Á mörgum stöðum lak heitt vatn inn á stíginn og gat stígurinn því verið háll. Á hellulögðum svæðum rann stígurinn saman við náttúruna þannig að erfitt var fyrir sjónskertan einstakling að sjá hvar mætti ganga og hvar ekki. Öðrum megin var band til að afmarka hvar mætti ganga en hinum megin ekki. Bandið rann saman við jarðveg og myndi því ekki nýtast sjónskertu fólki. Ekki var hægt að fá hljóðupptöku með leiðsögn um svæðið né upplýsingar á punktalettri.



Mynd 5. Stígur og náttúra renna saman við Geysi

#### **5.1.2.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var lesa upplýsingar um hvað fyrir þar en ekki er hægt að fá táknaðstúlkaða ferð um svæðið.

#### **5.1.3 Gullfoss**

Gullfoss er mikilfenglegur foss í Hvítá í Árnessýslu (About Gullfoss Waterfall, e.d.).

##### **5.1.3.1 Hreyfihamlað fólk**

Fyrir þá sem nota hjólastól eru merkt stæði á planinu við Gullfoss. Aftur á móti voru ekki skilti fyrir framan stæðin, aðeins málaðir bláir ferningar.

Það var ágætis stígur sem lá að Gullfossi. Hann hættir þó þegar mikill halli verður og við tekur moldarstígur. Hjólastólar komast ekki þar um því hallinn er mikill og jarðvegurinn er erfiður yfirferðar.

Á efra bílplaninu var stæði merkt fötluðu fólki, gott var að komast inn í húsnæði og vel hægt að athafna sig í hjólastól og nýta salerni sem ætlað var fötluðu fólki. Bílplanið er malbikað og því auðvelt yfirferðar. Það gæti reynst erfitt fyrir einstakling sem notar hjólastól að greiða fyrir mat því afgreiðslukassar í matsölunni voru allir í barborðshæð.

##### **5.1.3.2 Fólk með þroskahömlun**

Fólk með þroskahömlun á auðvelt með að komast leiðar sinnar að Gullfossi ef það hefur gott jafnvægi því mikill halli er við enda göngustígs.

Ekki var hægt að lesa texta um Gullfoss á auðskildu og auðlesnu máli. Það var heldur ekki hægt að fá hljóðupptöku til að hlusta á.

##### **5.1.3.3 Sjónskert eða blint fólk**

Hvorki á efra plani þar sem söluskálinn er né á neðra plani eru leiðarlínur fyrir sjónskerta. Notast var við upplitað grænt band til að afmarka göngustíg frá grasi en það gæti reynst sjónskertu fólki erfitt að greina þar sem það rennur saman við umhverfið. Sjónskert og blint fólk færi líklegast ekki lengra en þar sem pallurinn endar þar sem að vegarslóðinn er bæði erfiður yfirferðar og verður einnig háll

vegna vatnsúðans frá fossinum. Pallurinn sjálfur var góður og hentaði vel fyrir blindrastaf. Pallurinn var úr við og lágu borðin frekar þétt saman.

#### **5.1.3.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var að lesa upplýsingar um Gullfoss á upplýsingaskilti en ekki er hægt að fá táknmálstúlk til þess að segja frá svæðinu.

## **5.2 Suðurland**

Það eru fjölmargir staðir á Suðurlandi sem vert er að skoða. Að þessu sinni voru þrír staðir heimsóttir sem hafa verið vinsælir meðal ferðamanna undanfarin ár.

### **5.2.1 Skrúðgarðurinn í Hveragerði**

Skrúðgarðurinn í Hveragerði markast af Breiðumörk, Varmá og Skólamörk (Skemmtilegt að skoða, e.d).

Það var mjög erfitt að finna Skrúðgarðinn, hann var hvergi merktur. Eftir að hafa keyrt um í smástund ákvað hópurinn að fara út og ganga um Lystigarðinn sem var merktur. Eftir smá gang og lestur á heimasíðu Hveragerðis áttaði hópurinn sig á að hann var staddur í Skrúðgarðinum.

#### **5.2.1.1 Hreyfihamlað fólk**

Hópurinn stoppaði á bílastæði þar sem við gátum ekki fundið merkt stæði fyrir fatlað fólk. Stígurinn í Skrúðgarðinum var mjög misjafn. Á sumum stöðum var hann þægilegur yfirferðar en sums staðar sökk hjólastóllinn og þurfti einstaklingurinn aðstoð við að komast ferða sinna. Það var sérstaklega tekið fram að í Skrúðgarðinum væru leifar af gömlum húsgrunni, en hjólastóll komst ekki þar að sökum brattrar brekku. Hjólastóllinn stoppaði einnig við brú en kanturinn á brúnni var allt of hár þannig að einstaklingur í hjólastól kæmist ekki sjálfur leiðar sinnar. Þegar yfir brúna var komið þá komst hjólastóllinn ekki lengra.

#### **5.2.1.2 Fólk með þroskahömlun**

Það var ekki hægt að lesa neitt á auskildu eða auðlesnu máli og hvergi var myndmál.

### 5.2.1.3 Sjónskert og blint fólk

Það voru ekki neinar leiðarlínur í Skrúðgarðinum og á sumum stöðum rann malarvegurinn saman við grasið þannig að það var ekki alltaf auðséð hvort væri hvað (sjá mynd 6). Göngustígar voru almennt ekki góðir, þeir klofnuðu á sumum stöðum. Þar sem leifarnar af gamla húsgrunninum eru er alltof brött brekka fyrir sjónskertan eða blindan einstakling. Einnig var A4 blað í plastvasa undir steini sem á stóð „Snertið ekki” (Sjá mynd 7). Ef þessi miði myndi fjúka eða væri tekin þá væri það stórhættulegt fyrir einstakling sem gæti ekki áttað sig á aðstæðum. Texti til upplýsinga á staðnum var ekki nógu góður, t.d. var engin leið fyrir sjónskertan einstakling að lesa um blómin í Lystigarðinum. Einnig var ekki nógu góður skerpumunur á texta og bakgrunni á upplýsingaskiltum. Á sumum stöðum í Skrúðgarðinum voru holur með málmstykki í, þær voru beinlínis stórhættulegar. Sérstaklega í ljósi þess að það er engin lýsing í garðinum þegar fer að dimma.



Mynd 6. Jarðvegur sem rennur saman við stíg í Hveragerði



Mynd 7. Varúðarmerking í Skrúðgarðinum í Hveragerði

#### **5.2.1.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var að lesa texta um hluti í garðinum en það er ekki hægt að fá táknmálstúlkun um svæðið.

### **5.2.2 Seljalandsfoss**

Seljalandsfoss er einn af hæstu fossum á Íslandi og er hann á mörkum Hamragarða og Seljalands (Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson, 1983).

#### **5.2.2.1 Hreyfihamlað fólk**

Hjá Seljalandsfossi voru merkt stæði fyrir fatlað fólk. Bílastæðið var að einhverju leiti með mól en var nógu vel þjappað fyrir hjólastól. Aftur á móti var vegurinn að fossinum misgóður og var erfitt á vissum stöðum að komast áfram. Það er ekki aðgengilegt fyrir hjólastóla að fara á bakvið fossinn. Salernisaðstaða fyrir fatlað fólk var könnuð og var hún mjög furðuleg. Upplifun hópsins var sú að þarna væri salerni merkt fyrir fatlaða en þó væri greinilega ekki ætlast til að það væri nýtt sem slíkt. Við hurðina er hóll þannig að einstaklingur sem notar hjólastól getur ekki farið sjálfur inn því hóllinn er ekki nægilega sléttur til þess að jafnvægi sé náð (sjá mynd 8). Einnig opnast hurðin út þannig að viðkomandi getur ekki farið að hurðinni til að opna hana vegna hólsins. Þegar hurðin hefur verið opnuð þá er mjög hár kantur sem er enn ein ástæða fyrir því að fólk sem notar hjólastól getur ekki nýtt sér salernið. Einstaklingur sem notar hjólastól getur heldur ekki verslað í versluninni við Seljalandsfoss sökum þess hve hátt afgreiðsluborðið er.



Mynd 8. Salernisaðstaðan hjá Seljalandsfossi



#### **5.2.2.2 Fólk með þroskahömlun**

Ekki var hægt að lesa auðskilinn eða auðlesinn texta með upplýsingum um staðinn. Enginn í hópnum sem er með þroskahömlun treysti sér til að fara á bakvið fossinn vegna þess hve sleipt og erfitt það getur verið.

#### **5.2.2.3 Sjónskert eða blint fólk**

Bílaplanið við fossinn var ágætt en gönguleiðin að fossinum var ekki slétt heldur hallaði hún til hliðanna. Ekki er hægt að bjóða sjónskertu eða blindu fólki að fara á bakvið fossinn nema með aðstoð miðað við aðstæður þar.

#### **5.2.2.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var að lesa texta um staðinn en ekki er hægt að fá táknmálstúlkaðar upplýsingar um staðinn.

### **5.2.3 Reynisfjara**

Reynisfjara er svört fjara rétt hjá Vík í Mýrdal (Information about Black Sand Beach - Reynisfjara, e.d.).

#### **5.2.3.1 Hreyfihamlað fólk**

Það var ekkert stæði merkt fötluðu fólki við Reynisfjöru. Bílaplanið var með grófri mól sem var nokkuð erfið yfirferðar fyrir fólk í hjólastól. Sú sem notar hjólastól í starfshópnum hafði orð á því að þetta væri erfitt fyrir fólk sem notaði rafmagnshjólastóla því þeir væru þyngri og myndu því sökkva meira í jarðveginn. Hjólastólanotandinn hefði ekki komist í fjöruna nema fyrir tilstilli öflugss aðstoðarmanns. Aftur á móti var miklu erfiðara fyrir hann að komast aftur til baka og þurfti þá tvo aðstoðarmenn (Sjá mynd 9). Það væri hægt að vera með gönguleið úr timbri niður í fjöruna svo einstaklingar sem eiga erfitt með gang eða nýta sér hjálpartæki gætu séð og notið fjörunnar.

Í söluskálanum við Reynisfjöru var mjög hár kantur til að komast inn en hjólastólanotandinn nefndi það aftur að þetta væri alls ekki hentugt fyrir rafmagnsstól og var alls ekki viss um að þeir kæmust yfir höfuð þarna inn en henni tókst að komast inn með aðstoð aðstoðarmanns. Í söluskálanum var salerni fyrir fatlað fólk. Aðgengi á salerninu var fínt.

Erfitt hefði reynst einstaklingi í hjólastól að versla sjálfur í söluskálanum því afgreiðsluborðið var mjög hátt, líkt og barborð.



Mynd 9. Aðgengi í Reynisfjöru

### **5.2.3.2 Fólk með þroskahömlun**

Á svæðinu við Reynisfjöru voru merkingar um það hvað mætti ekki gera. Þær voru mjög skýrar og áttuðu allir í hópnum sig á því hvað væri átt við. Það mætti ekki stinga sér til sunds, það þyrfti að passa sig á öldunum og passa upp á börn. Það voru upplýsingar um Reynisfjöru á skilti bæði á íslensku og ensku en það var ekki hægt að lesa á auðskildu eða auðlesnu máli. Það var ekki heldur hægt að hlusta á upplýsingarnar.

### **5.2.3.3 Sjónskert og blint fólk**

Bílastæðið við Reynisfjöru var mjög óskipulagt en það getur reynst sjónskertu fólki vel ef bílastæði eru skipulögð, þá virka þau leiðandi fyrir einstaklinginn og hann áttar sig betur á hvert hann getur farið. Því er ekki að heilsa í Reynisfjöru.

Þar sem það var aðeins hægt að lesa upplýsingarnar þá könnuðum við letur og skerpu en það var góð skerpa milli lita þannig að sjónskertur einstaklingur gat lesið upplýsingar um Reynisfjöru. Aftur á móti var hvergi hægt að hlusta á upplýsingarnar og myndirnar sem voru sjónrænar og bönnuðu vissa hluti voru ekki aðgengilegar blindu fólki.

### **5.3 Söfn á höfuðborgarsvæðinu**

Fjöldmörg söfn leynast á höfuðborgarsvæðinu þau söfn sem voru könnuð voru: Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn og Landnámssetrið.

#### **5.3.1 Árbæjarsafn**

Árbæjarsafn er í Árbæjarhverfinu og á að varpa ljósi á byggingarlist og lifnaðarhætti í Reykjavík á fyrri tíð (Um Árbæjarsafn, e.d.).

##### **5.3.1.1 Hreyfihamlað fólk**

Fyrir utan Árbæjarsafn eru tvö stæði fyrir fatlað fólk. Til þess að komast inn á safnið þarf að biðja starfsfólk að opna hlið svo fólk sem notar hjólastól komist inn. Sú sem var með okkur í hópnum og nýtir sér hjólastól fór þó inn um sömu dyr og við. Þegar inn er komið liggja frammi upplýsingabæklingar og annað slíkt, einnig eyðublað þar sem spurt er út í aðgengismál. Áhugavert er að fólk sem notar hjólastól og er líklegast til þess að hafa eitthvað um aðgengismál fyrir hjólastóla að segja, hefur ekki tækifæri til að fara um þennan inngang og segja sína skoðun.

Á Árbæjarsafni eru engir rampar inn í neitt húsanna sem er til sýnis. Aðeins er aðgengi að inngangi, Kornhúsi og Landakoti. Hópurinn spurði hvort það væri hægt að fá færanlegan ramp en slíkur rampur var ekki til staðar og því gat sú sem var í hjólastól ekki farið inn í nema örfá húsanna. Hjá einu húsi kom út starfsmaður og bauð okkur að koma inn. Hópurinn spurði hvort að það væri hjólastólaaðgengi inn í húsið. Starfsmaðurinn sagði að svo væri ekki þar sem húsin væru friðuð og því mætti ekki breyta þeim. Við afþökkuðum innlitið. Jarðvegurinn er mjög mismunandi en um svæðið liggja malarstígar. Einstaklingur sem notar hjólastól hefði án efa ekki komist leiðar sinnar einn síns liðs inni á safninu. Mölin var misgróf en við eina húsið þar sem var aðgengi fyrir hjólastóla var mjög gróf mól og hjólastóllinn sökk mikið niður í hana.

Upplýsingaskilti voru í góðri hæð fyrir fólk sem notar hjólastól (Sjá mynd 10).

Þegar fara átti inn í húsnæðið sem bauð upp á hjólastólalyftu þá þurfti að bíða eftir starfsmanni í fimm mínútur til þess að opna lyftuna. Einnig var lyftan með hnöppum sem halda þurfti inni allan tímann á meðan lyftan fór upp og niður.

Salernið sem á að vera aðgengilegt fyrir fólk sem notar hjólastól var merkt að utan með A4 blaði með skilaboðum um að það væri ekki nothæft, “out of order”. Við kíktum samt inn og þar var gott aðgengi fyrir fólk sem notar hjólastóla. Það voru höldur beggja vegna við salernið og vaskur, spegill og annað í góðri hæð. Gólfplötur var einnig góður. Þegar starfsstúlka var spurð hvers vegna salernið væri ekki í notkun þá sagðist hún ekki vita hvers vegna en þessi miði hefði verið á hurðinni síðan að hún hóf störf á safninu í byrjun sumars. Þegar aðrir starfsmenn voru spurðir út í það hvers vegna salernið væri ekki í notkun þá vissu þeir ekki af því að þessi miði hengi á hurðinni.



Mynd 10. Upplýsingaspjöld á Árbæjarsafni í góðri hæð fyrir fólk sem notar hjólastól

### 5.3.1.2 Fólk með þroskahömlun

Á Árbæjarsafni var ekki hægt að nálgast auðlesinn eða auðskilinn texta.

Það var heldur ekki hægt að fá hljóðupptöku til þess að hlusta á upplýsingar um safnið. Hægt var að koma klukkan 13:00 alla virka daga og fá leiðsögn um safnið á ensku.

Það var ekki mikið af sjónrænum leiðbeiningum, fyrir utan merki sem

tilgreindi að kerrur mættu ekki fara á grasið. Eins var ekki hægt að fá búnað til að hlusta á upplýsingar um safnið.

### **5.3.1.3 Sjónskert og blint fólk**

Jarðvegur var mjög mismunandi og oft erfiður yfirferðar.

Það var mjög misjafnt hvort texti var læsilegur en það fór eftir bakgrunni textans. Fyrir utan húsinn sem voru til sýnis var gráleitur texti ýmist á rauðum, grænum eða bláum bakgrunni. Textinn var vel skýr á rauðum bakgrunni en ekki var auðvelt fyrir sjónskertan einstakling að lesa textann á hinum bakgrunnslitunum. Texti sem var hægt að lesa var bæði á íslensku og ensku en textinn var alltaf með öðru og minna letri á ensku og því ekki eins þægilegur í lestri. Annars var texti í húsum nokkuð skýr.

Lýsing í húsum var sjaldnast nægileg. Það gæti þó skýrst af því að verið sé að vernda það sem er í húsunum.

Á mörgum stöðum var band notað til að hindra aðgang. Það var í öllum tilfellum brúnt og féll inn í umhverfið, þar af leiðandi sá sú sem er sjónskert ekki bandið. Það hefði mátt vera í öðrum lit þar sem það er ekki partur af sýningunni.

Þar sem það var mikið af malarstígum og hellum þá átti blindrastafurinn það til að festast á milli hellna eða í jarðvegi.

### **5.3.1.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var að lesa texta með upplýsingum um safnið en það er ekki hægt að fá tálkmálstúlkaðar ferðir um safnið.

## **5.3.2 Þjóðminjasafn**

Þjóðminjasafn er miðstöð þjóðminjavörslu á Íslandi (Um safnið, e.d.).

### **5.3.2.1 Hreyfihamlað fólk**

Hjólástólaaðgengi í Þjóðminjasafninu var til fyrirmyndar. Góðir gangar voru til þess að komast um ásamt mjög aðgengilegu salerni fyrir fólk sem notar hjólástóla. Það voru bekkir á víð og dreif til þess að setjast niður.

Við inngang safnsins voru sjálfvirkar hurðir þannig að einstaklingur í hjólastól átti ekki í neinum erfiðleikum með að komast inn á safnið.

### **5.3.2.2 Fólk með þroskahömlun**

Það var hægt að leigja búnað til þess að hlusta á fræðsluefni um safnmuni.

Hópnum fannst vanta meira af myndmáli. Myndir sem sýndu hvað mætti ekki snerta eða stíga á voru til staðar en það hefðu mátt vera frekari útskýringar á hvert maður væri að fara á myndmáli.

Það var enginn texti á auðlesnu eða auðskildu máli.

Það var mikið af myndum og munum til sýnis sem getur bætt upp textaleysið en aftur á móti hefði viðkomandi ekki tók á að kynna sér ítarefni varðandi sýningargripi annað en útlit þeirra.

### **5.3.2.3 Sjónskert og blint fólk**

Inngangurinn var um glerhurðir. Þær voru ekki nægilega vel merktar en það var grá rönd neðarlega á hurðinni sem rann saman við umhverfið og var því ekki sýnileg einstaklingi með sjónskerðingu. Mikilvægt er að glerhurðir sem ganga á í gegnum séu skýrlega merktar í hæð barna og fullorðinna. Það var hægt að fá búnað til þess að hlusta á fræðsluefni um safnmuni.

Sú sem er með sjónskerðingu í starfshópnum lýsti gólfinu í Þjóðminjasafninu sem fljótandi gólfi en það er þegar gólfið rennur saman og virðist vera á hreyfingu. Við tóku margar bogadregnar tröppur í sama fljótandi efni. Það var handrið í miðju trappnanna og einnig við hvora hlið. Á tröppunum voru leiðarlínur sem náðu aðeins örfáa sentímetra út frá handriðunum en þar hefði alveg mátt vera lengra á milli.

Þegar upp á aðra hæð var komið tók við fín brotalína í gólfinu sem við töldum í fyrstu að væri leiðarlína og vorum við afskaplega sátta með það en í ljós kom að brotalínan átti að tákna víkingaskip, var alls ekki leiðarlína.

Það voru engar leiðarlínur á gólfinu nema til þess að afmarka tröppur.

Það var lítil lýsing á safninu en það er til þess að varðveita munina betur, það gerir það hins vegar að verkum að eintaklingur með sjónskerðingu getur ekki skoðað safngripina. Þrátt fyrir að hægt hafi verið að leigja búnað til þess að hlusta á upplýsingar um safnmuni þá voru einnig nokkrar stoppistöðvar þar sem hægt var að hlusta á fræðsluefni tengt viðkomandi hæð. Textaskilti hengu uppi víða um safnið en textinn var aðeins að hluta til sýnilegur sjónskertum einstaklingi því ljós lýsti aðeins á miðju skiltisins.

#### **5.3.2.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt var að lesa skrifaðan texta.

Táknmálstúlkaðar ferðir eru ekki á fastri dagskrá en safnið er tilbúið að verða við slíkri beiðni berist hún.

#### **5.3.3 Landnámssýning**

Landnámssýningin fjallar um landnám í Reykjavík, en skálarúst frá 10. öld er miðpunktur sýningarinnar (Landnámssýningin, 2006).

##### **5.3.3.1 Hreyfihamlað fólk**

Við hliðina á safninu eru bílastæði fyrir fatlað fólk. Það þarf þó að fara yfir eina götu til að komast að safninu.

Það var hnappur til þess að opna útidyrnar og við tók lyfta sem fór á neðri hæðina þar sem safnið sjálft er. Hægt var að leigja búnað til þess að hlýða á upplýsingar um safnið. Einnig voru myndir og borð í þeirri hæð að fólk sem notar hjólastól gat notið sýningarinnar.

Salerni fyrir fatlað fólk var til staðar með grindum báðum megin og í réttri hæð. Gólfflötur var einnig góður.

Gólf almennt á sýningunni var slétt en sums staðar var halli á því, þó ekki svo mikill að það væri erfitt að stýra hjólastólnum og gat hjólastólanotandinn keyrt sjálfur um.

### **5.3.3.2 Fólk með þroskahömlun**

Hægt var að fá búnað til þess að hlusta á upplýsingarnar um safnið. Einnig var hægt að horfa á mynd sem útskýrði efni safnsins en það þurfti þó að stjórna því sjálfur sem gæti reynst erfitt fyrir einhverja með þroskahömlun. Það er hægt að skoða kort sem hægt var að snerta. Mjög dimmt var á safninu og það var ekkert efni á auðlesnu eða auðskildu máli.

### **5.3.3.3 Sjónskert og blind fólk**

Þegar komið var inn á safnið tók við rými þar sem var aðeins lyfta og stigi niður. Þar sem það voru ekki leiðarlínur á safninu þá gæti það reynst villandi fyrir einstakling með sjónskerðingu. Viðkomandi gæti átt erfitt með að vita hvert hann ætti að fara þegar inn væri komið því afgreiðslan er á neðri hæðinni. Það var mjög dimmt inni á safninu sem gæti reynst sjónskertu fólki erfitt. Hægt er að heyra upplýsingarnar lesnar upp á einum stað á safninu ásamt því að fá búnað til þess að hlusta á á leið sinni í gegnum safnið. Það voru ekki leiðarlínur á gólfinu en þrep voru merkt. Engar upplýsingar voru á blindralettri.

### **5.3.3.4 Heyrnarlaust fólk**

Hægt er að lesa skrifaðan texta og upplifa snertiborðin en ekki er hægt að fá táknmálstúlkaða leiðsögn um safnið.



## 6 Samandregnar niðurstöður og umræður

Upplifun starfshópsins var sú að ennþá væri ýmsu ábótavant varðandi aðgengi að ferðamannastöðum á Íslandi. Þrátt fyrir að oft hafi verið vakin athygli á aðgengi fólks sem notar hjólastól í einhverjum mæli þá er hjólastólaaðgengi almennt frekar slæmt. Þó að viss þjónusta, eins og salerni fyrir fatlaða, sé til staðar þá eru þau ekki alltaf aðgengileg líkt og raunin var við Seljalandsfoss. Hópnum þótti hvergi gert ráð fyrir fötluðu fólki að fullu við ferðamannastaðina. Áhugavert er að það virðist alls ekki gert ráð fyrir að þroskahamlað fólk hafi gaman af að ferðast og kynna sér nýja áfangastaði.

Á þeim stöðum sem við heimsóttum var hvergi hægt að nálgast efni á auðlesnu eða auðskildu máli. Myndmál var oft af skornum skammti og þá yfirleitt eingöngu á viðvörunarskiltum. Myndmál var sjaldan notað til þess að kynna efni sem vert var að skoða á staðnum. Það var á einum stað, við Gullfoss. Hvað varðar heyrnarlaust fólk þá er aðeins hægt á einum stað að fá táknmálstúlkaða ferð um svæðið en það er á Þjóðminjasafninu.

Á öðrum söfnum fékk hópurinn alltaf neitun þegar spurt var um slíka þjónustu. Aftur á móti var nánast alltaf einhver skrifaður texti sem gæti nýst þeim hópi fatlaðs fólks. Sjónskertu og blindu fólki var alls ekki alltaf gert kleift að taka þátt í því að skoða og upplifa staðina sem voru heimsóttir. Fáir staðir buðu upp á búnað til þess að hlusta á upplýsingar, aðgengið að stöðunum var oft erfitt, hvergi voru leiðarlínur og glerhurðir voru oft illa merktar.

Áhugavert þykir að á heimasíðu Borgarsögusafns er sérstaklega tekið fram í aðgengishlutanum að á Árbæjarsafni sé salerni ætlað fötluðu fólki. Hópurinn upplifði þó salernisaðstöðuna af skornum skammti því salernið hafði ekki verið í lagi hálfsumarið og enginn starfsmaður virtist vita hvers vegna. Á Árbæjarsafni var hópnum einnig sagt að þar væri ekki aðgengi fyrir fólk sem notar hjólastóla því að húsin væru friðuð. Í ljósi þessara upplýsinga var áhugavert að lesa lög um húsafriðun þar sem hægt er að sækja um undanþágu til að gera hús aðgengileg.

Hópurinn velti því einnig fyrir sér hvert raunverulegt aðgengi væri þegar lyfta væri til staðar sem ekki væri hægt að nota nema starfsmaður væri á svæðinu. Nothæfið er í það minnsta ekki mikið.

Lýsing í húsum á Árbæjarsafni var lítil en það gerði það að verkum að sjónskertur einstaklingur gat ekki séð sýningarmunina. Þar var heldur ekki hægt að fá búnað til þess að hlusta á upplýsingar um staðinn. Upplýsingatexti var mjög misgóður en það fór eftir því hvaða bakgrunnur var hvort skerpan var næg til þess að sjónskertur einstaklingur gæti lesið textann. Af þessum sökum geta sjónskertir eða blindir ekki notið þess að fara á Árbæjarsafn.

Þjóðminjasafnið hafði fengið viðurkenningu frá Sjálfsbjörgu fyrir gott aðgengi. Starfshópurinn var að mörgu leyti sáttur við aðgengið á Þjóðminjasafninu en það er til dæmis eina safnið sem er tilbúið að verða við ósk um táknmálstúlkaðar ferðir þó að þær séu ekki hluti af reglubundnum ferðum. Það var mjög gott hjólastólaaðgengi inni á safninu en hópurinn gat því miður ekki verið sammála því að aðgengi gæti talist gott fyrir alla þar sem það er ýmislegt sem ekki hefur verið hugsað út í varðandi sjónskert fólk og fólk með þroskahömlun. Inngangshurðir sem eru úr gleri eru til að mynda ekki nægilega vel merktar, hvorki í hæð fullorðinna né barna, og því auðvelt fyrir sjónskertan einstakling að ganga á glerið. Notuð var grá rönd til viðvörðunar en hún rann saman við umhverfið. Eins vantar leiðarlínur um safnið. Eins er ekki hægt að nálgast auðlesin eða auðskilin texta með upplýsingum um safnið.

Þó svo að við getum ekki gert kröfu um að náttúran sé fullkomlega aðgengileg þá er margt sem við mannfólkið getum gert til að allir geti notið hennar. Reynisfjörur er ekki hægt að skoða ef einstaklingur þarf að nota einhvers konar hjálpartæki til að fara um því tækin sökkva bara í sandinn. Aftur á móti væri vel hægt að byggja timburgöngustíg út í fjöruna sjálfa til þess að einstaklingar sem nýta sér hjálpartæki geti upplifað fjöruna og einnig virt fyrir sér fallett stuðlabergið. Eins væri hægt að setja upp útsýnispallur hjá Geysi en eins og aðstaðan er í dag er ekki mögulegt að fara alveg að hvernum, til dæmis með hjólastól.

Það er mjög mikilvægt að farið verði að gera kröfu um að þjónusta við ferðamenn verði einnig aðgengileg fötluðu fólki. Í ljósi þessa skiptir afar miklu máli að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögleiddur sem allra fyrst þannig að fatlað fólk geti leitað réttar síns. Eins þarf að binda í lög að aðgengi að ferðamannastöðum skuli vera veitt öllum hópum þjóðfélagsins.

## 7 Heimildaskrá

About Gullfoss Waterfall. (e.d.). Sótt af <http://gullfoss.is/about-gullfoss/>

Aðgengismál. (e.d.). Sótt af <http://borgarsogusafn.is/adgengi>

Aðgengismál. (e.d.a). Sótt af <http://borgarsogusafn.is/adgengi>

Gullfoss – bílastæði við fossinn. (28.nóvember. 2011). Sótt af <http://godadgang.dk/is/search/factsheet.asp?id=7190>

Hanna Björg Sigurðardóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar). (2013). *Fötlun og menning Íslandssaga í öðru ljósi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Hvað er aðgengi? (e.d.). Sótt af <http://www.godadgang.dk/is/hva%C3%B0era%C3%B0gengi.asp>

Information about Black Sand Beach - Reynisfjara. (e.d.). Sótt af <https://guidetoiceland.is/travel-iceland/drive/reynisfjara>

Landnámssýningin. (12.maí 2006). Sótt af <http://borgarsogusafn.is/is/landnamssyningin/syningar/landnamssyningin>

Lög um húsafriðun nr. 104/2001

Lög um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992

Um safnið. (e.d.). Sótt af <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/>

Um Árbæjarsafn. (e.d.). Sótt af <http://borgarsogusafn.is/is/arbaejarsafn/um-arbaejarsafn>

Um Átak. (e.d.). Sótt af <http://www.lesa.is/is/um-atak>

Um félagið. (e.d.). Sótt af <http://www.deaf.is/umfelagid/um-felagid/>

Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13---36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Reykjavík\_Árbæjarsafn\_ÍR húsið\_Landakot\_1.hæð. 8. ágúst 2012. Sótt af  
<http://godadgang.dk/is/search/factsheet.asp?id=8069>

Sagan. (e.d.). Sótt af <http://www.thingvellir.is/saga.aspx>

Saga safnsins. (e.d.). Sótt af <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/saga-safnsins/>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 9. gr./2007

Skemmtilegt að skoða. (e.d.). Sótt af <http://hveragerdi.is/Ferdamenn/Utivistastadir/>

Snærós Sindradóttir. (2016, 7. apríl). Ákæra Hollending sem var handtekinn. Vísir.is. Sótt af  
<http://www.visir.is/akaera-hollending-sem-var-handtekinn/article/2016160409048>

Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson. (1981). *Landið þitt Ísland: 1. bindi, A-G*.  
Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson. (1983). *Landið þitt Ísland: 4. bindi, S-T*.  
Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

Stuðningur til sjálfstæðis. (e.d.). Sótt af <http://www.blind.is/Felagid/>

Þingvellir -Hakið - Fræðslumiðstöð. 5. nóvember 2011. Sótt af  
<http://godadgang.dk/is/search/factsheet.asp?id=6670>